

HAUKUR ÞORGEIRSSON

Deilurnar um faldinn

SKAUTALJÓÐ Guðmundar Bergþórssonar

Í manntalinu 1703 er Guðmundur Bergþórsson (1657–1705) talinn meðal heimilismanna í Brandsbúð við Arnarstapa og er hann þar sagður „húsmaður, visinn, skáld, 46 ára“.¹ Guðmundur var með afkastamestu og vinsælustu skáldum sinnar samtíðar en eins og manntalið getur um var hann jafnframt visinn eða lamaður. Þegar Guðmundur var fjögurra ára veiktist hann alvarlega og hafði eftir það ekki not af fótleggjum sínum eða hægri hendi. Hann gat þó unnið ýmis störf með vinstri hendi og jafnframt dregið sig áfram með henni „og var ólíkindalega fljótur að skríða“.² Höndin góða nýttist honum þó ekki síst við að skrifa og í meginheimildinni um ævi Guðmundar segir að „nótt og dag sat hann við að yrkja“.²

Tólf rímnaflokkar eru varðveittir eftir Guðmund og þar á meðal eru OLGEIRS RÍMUR DANSKA sem samanstanda af fleiri erindum en nokkrar aðrar rímur fyrr eða síðar.³ Þær eru jafnframt til í eiginhandarriti skáldsins og eru eini rímnaflokkur Guðmundar sem hefur komist á prent.⁴ Einnig orti Guðmundur mörg kvæði, þar á meðal HEIMSPÉKINGASKÓLA sem hefur verið prentaður og ber vott um mikla fróðleiksást.⁵ Meðal óprentaðra kvæða skáldsins er VINAPÖKK þar sem skáldið fer hlýlegum orðum um fjölskyldu sína og vini sem hafi stutt hann í raunum. Þar eru þessi erindi:

Viljug ást og vingan foreldranna
varð mér holl með dygð og elsku sanna.
Minna vegna margt og eitt
máttu líða, kalt og heitt.
Svo gjörðu greitt
undirvísun að [eg] kunni að læra
orðið guðs hið skæra.

1 Finnur Sigmundsson 1947:xvii.

2 Finnur Sigmundsson 1947:xv.

3 Björn K. Þórólfsson 1947:xxv.

4 Guðmundur Bergþórsson 1947.

5 Guðmundur Bergþórsson 1785, 1905.

Nú sem best í barnæskunni eg tafði
 blessaður guð svo veitt mér aldur hafði,
 fullgjör nærri fjögur ár,
 féll þá yfir þjáning sár,
 þó væri smár.
 Mannburðanna megn og kraft gjörvallon
 missti ég nær því allan.⁶

Mörg kvæða Guðmundar urðu vinsæl og eru varðveitt í fjölda handrita. Engin vöktu þó jafnmikil viðbrögð samtímamanna og skopkvæðið SKAUTALJÓÐ þar sem skáldið gerir gys að nýrri tísku í höfuðbúnaði kvenna. Ekki er fyllilega ljóst hvenær SKAUTALJÓÐ eru samin en Guðmundur minnst á þau í BERTRAMS RÍMUM sem ortar eru um 1697 og er trúlegt að þau séu þá í hámmæli.⁷ Margir tókust á hendur að svara kvæðinu og þá alltaf í bundnu máli svo að úr varð einhver umfangsmesta kvæðadeila íslenskrar bókmenntasögu.⁸

SKAUTALJÓÐ og sum af viðbrögðunum við þeim voru prentuð í *Fróðlegu ljóðasafni* 1856.⁹ Þeirri útgáfu er að mörgu leyti ábótavant. Jón Sigurðsson komst svo að orði að „þar vantar 7 af kvæðunum allskostar, og hin eru víða bjögðu“.¹⁰ Markmið mitt hér er að bæta úr þessu með því að gefa út hið upphaflega kvæði Guðmundar eftir handritum frá 18. öld. Má telja að SKAUTALJÓÐ séu hér prentuð í mynd sem fer mun nær texta skáldsins en fyrri útgáfan.

Annað markmið þessarar rannsóknar er að fara í saumana á svarkvæðunum við SKAUTALJÓÐUM og hef ég einkum hugað að þeim samfélagslegu hugmyndum sem í þeim felast. Rannsóknarspurningin er hvaða viðhorf skáldin tjái til klæðaburðar kvenna og á hvaða grunni þau viðhorf grundvallist.

6 Lbs 2941 8vo:185r.

7 Finnur Sigmundsson 1947:xxi; Páll Eggert Ólason 1926:772.

8 Annað dæmi um deilu í bundnu máli sem spratt af ádeilukvæði er svokölluð Vísna-bókardeila. Hálfan Einarsson orti VARÚÐARVÍSU sem birtist í *Einni lítilli sálma- og vísna-bók* 1757. Hálfan deildi þar meðal annars á prestastéttina og ýmsir tóku þeirri gagnrýni illa. „Fjölmarginir kveðlingar urðu til vegna þessarar deilu, jafnvel kvæðabálkar“, Matthías V. Sæmundsson 1996:103. Sjá einnig Margréti Eggertsdóttur 2017: 148–149.

9 *Fróðlegt ljóðasafn ýmislegs efnis* 1856:109–149.

10 Sigurður Guðmundsson 1874:103. Ég geri ráð fyrir að stafirnir J. S. undir þessari at-hugasemd vísi til Jóns forseta.



Handrit SKAUTALJÓÐA

Það sýnir vinsældir SKAUTALJÓÐA að þau eru varðveitt í tugum handrita, flestum frá 19. öld. Ýmsar leiðir eru til að nálgast útgáfu á texta sem svo er ástatt um. Ein leið, sem kenna má við Jón Helgason og nemendur hans, er að kanna til þrautar öll varðveitt handrit, gera grein fyrir líklegu ættartré eða stemma til að tengja þau saman og prenta loks öll lesbrigði þeirra handrita sem virðast hafa textagildi. Það er ókostur við þessa aðferð að hún útheimtir gríðarlega vinnu og oft er það svo að mestur hluti þeirrar vinnu nýtist fáum lesendum.

Önnur aðferð til útgáfu texta er stundum kennd við franska miðal-
dafræðinginn Joseph Bédier og felst í því að taka eitt handrit sem virðist hafa góðan texta og styðjast einkum við það en leiðréttu þó eftir öðrum handritum þegar aðalhandritið virðist hafa eitthvað afbakað og óskiljanlegt. Það er kostur að þetta útheimtir minni vinnu af útgefandanum. Hins vegar er oft hægt að komast nær texta höfundarins en þessi aðferð býður upp á og það er gustukaverk fyrir lesandann ef það tekst.¹¹

Við könnun mína á texta SKAUTALJÓÐA komst ég að þeirri niðurstöðu að hér hentaði vel að nota verklag sem má heita að liggi á milli þeirra tveggja aðferða sem ég lýsi hér að framan. Ég hef kannað elstu handritin vel og byggi útgáfuna á þeim, nánar tiltekið hef ég notað eftirfarandi sex handrit frá 18. öld:

- JS 42 4to (ritað um 1780)
- JS 582 4to (frá seinni hluta 18. aldar)
- JS 209 8vo (ritað 1742)
- Lbs 1070 8vo (ritað 1748)
- Rask 39 (ritað 1787–1789)
- Thott 489 8vo (frá seinni hluta 18. aldar)

Öll þessi handrit virðast hafa sjálfstætt gildi. Hins vegar verður ekki sagt að eitt þeirra hafi yfirburði yfir önnur. Texti þeirra er líkur og má telja sennilegt að hann liggi nálægt þeim texta sem Guðmundur Bergþórsson

11 Um útgáfuaðferðir í norrænum fræðum hefur gerst verið skrifað í *Dansk Editions-
historie* 2, 2021. Hér er rétt að geta þess að hægt er að rannsaka handrit í fjölbreyttari tilgangi en sem mögulegar heimildir um hinn upphaflega texta. Með því að skoða skrifara handrita og efnisval þeirra má fá hugmynd um viðtökusögu efnisins og útbreiðslu textans. Slík rannsókn gæti varpað frekari ljósi á skautadeiluna en ekki eru tók á henni að sinni.



sendi frá sér. Ég hef lagt til grundvallar elsta handrit sem mér er kunnugt, JS 209 8vo. Þann texta hef ég síðan leiðrétt eftir hinum handritunum þegar þau standa fjögur eða öll fimm saman um annan leshátt. Í lesbrigðaskrá hef ég getið um alla leshætti sem finnast í tveimur eða fleiri öðrum handritum en ekki um einangraða leshætti í einstökum handritum nema mér virðist sérstök ástæða til. Það er ekki sem reglulegast hvaða handrit standa saman um tiltekin lesbrigði og bendir það til að textar hafi snemma blandast — trúlega að einhverju leyti í mannlegu minni.

Röð vísanna er hér prentuð eins og hún er í 209, 489 og 582. Röðin í 39 og 1070 er lítillega frábrugðin, nefnilega 1–12, 14–16, 13, 17–18. Röðin í 42 er 1–4, 9–11, 8, 5–7, 12–18. Mismunandi erindaröð bendir til að kvæðið hafi í einhverjum tilfellum verið skrifað upp eftir minni. Öll handritin sex hafa þó sömu 18 vísurnar. Í *Fróðlegu ljóðasafni* er kvæðið aðeins 15 vísur og vantar þar vísur 11, 16 og 17 en þær eru í öllum handritum sem ég hef kannað og hljóta að vera upphaflegar í kvæðinu.

Ég hef fært stafsetningu allra handrita til nútímahorfs en haldið orðmyndum sem endurspeglar íslensku 17. eða 18. aldar. Á einum stað hef ég notað oddklofa til að merkja stafréttan lestur. Til hægri við vísurnar lét ég fylgja nokkrar skýringar.

SKAUTALJÓÐ eftir Guðmund Bergþórsson

1. Kátir margir kíma að því,
komin er hér sú breytni ný,¹²
dentinn láta drósir frí
dangast þessum sveitum í. dentur: skautafaldur
2. Til skemmtunar eg skýri merkt
skrýtið ráðkorn lærdómsvert,
yngisstúlkum opinbert,
ef þær vilja skauta stert. stertur: rófa; tagl (á hesti)
3. Hjarta stúlkan, hlýð þú mér,
heilnæm ráð eg kenni þér

12 Lesbrigðaskrá: 1.2 breytni] breytnin 42, 582 2.1 merkt] bert 42, 1070 (en virðist leiðrétt úr *merkt* í þeim báðum) 2.3 yngisstúlkum] svo 39, 42, 582, 1070; yngismeyjum 209, 489 3.1 hlýð þú] svo 39, 582; hlýttu 42, 1070; heyrðu 209, 489 3.2 heilnæm] svo 39, 42, 489, 582, 1070; heilnæmt 209 4.1 Kauptu] Kaup þú 582, 1070



- um dent eða stert sem dāvænn er
og dýrðarlega á höfði fer.
4. Kauptu trafið hvítt og hreint,
hirtu ei um þó það sé steint,
svo sterturinn geti staðið beint
sem stikill fram þá til er reynt. steindur: litaður eða e.t.v. stífaður
5. Innra brotið, auðar gátt,
ekki skaltu vefja hátt,
hertu vel á handarmátt
hinu þegar þú gegna átt. auðar gátt: kona
6. Hugsaðu um að hvirfillinn
að hálfu leyti verði þinn
beygður í efra brotið inn
svo beygist áfram sterturinn.
7. Aftur úr hnakka eins og stall
á að vera reikar fjall,
það er næsta kíminn kall,
hann klúkir framan á einsamall. reikar fjall: höfuð
8. Hengir þú þar hattinn á
heiðarlega hann skartar þá,
eins og loði á uglu sá,
ofan á nefið beygja má. ugla: snagi
9. Hrútshorn vantar innan í,
artuglega hann snýst á því,
hnipinn, mjór, um heila bý,
hvítur eins og þokuský. artuglega: virðulega
heila býr: höfuð
10. Betra væri, bauga norn,
að brúka í stertinn skinnfats korn. bauga norn: kona

4.4 stikill] svo 39, 489, 582 (líklega); stikillinn 209; stútur 42, 1070 6.1 að] svo 39, 42, 489, 582, 1070; það 209 6.2 að] - 582, 1070 6.3 beygður í] svo 39, 42, 489, 1070; beyg þú 209; beygðu 582 7.1 hnakka] hnakkinn 39, 42, 1070 7.2 reikar] svo 42, 489, 1070; reykjar 39, 209, 582 7.4 hann] sem 42, 489, 1070 8.4 beygja] beygjast 39, 1070; beygist 582 9.3 hnipinn] hippinn 39; hnippinn 489; hnipur 582; <hnipt> 1087





og reka þar ofan á rúmgott horn
því ræfils lin eru tröfin forn.

11. Ef þú gætir út á hlið
undið sjálfan stertinn við,
myndaðan með meistara snið,
mjóan eins og hundstrýnið.
12. Áður sérhvör fald bar frú,
falleg þótti venja sú,
en þær vilja, er mín trú,
einhyrningnum líkjast nú.
13. Víst hefur köttur vitrast snót
sem vandist fyrst á soddan hót,
þeirri hefur með þokkabót
þótt hans ekki rófan ljót.
14. Í Fróðárundrum finna má
fyrirmyndan hér upp á
þegar sig rétti rófan grá
rastarbúa hlaðanum frá.
15. Oft hef eg séð hann Ása-Þór
uppmálaðan þá tuskast fór
og hefur hans úr heila kór
hreyft sér strýtan mjó og stór.
16. Af Háu-Þóru hygg eg víst
hafi þær lært þó ekki síst,
oft er það þá um hún býst
áfram slútir skautið þrýst.

rastarbúi: fiskur

heila kór: höfuð

10.3 ofan] svo 39, 42, 489, 582, 1087; framan 209 11.1 þú gætir] svo 39, 489, 582, 1070; að gætir 42; þær gætu 209 12.1 sérhvör] svo 39, 42, 489, 582, 1070; fyrri 209 12.4 einhyrningnum] einhyrningi 39, 489; einhyrningum 1070 13.3 þeirri] svo 39, 42, 489, 582, 1070; þeim 209 13.4 ekki rófan] rófan ekki 42, 582, 1070 14.3 rétti] svo 39, 42, 582, 1070; réttir 209, 489 15.1 Oft hef eg] Eg hefi 39, 1070 15.3 og] - 39, 582, 1070 15.4 hreyft] hreykt 39, 489 16.1 Háu-Þóru] Hávu-Þóru 39 16.1 hygg] held 39, 42, 1070 16.2 þó] svo 39, 42, 489, 1070; og 582; það 209





17. Þessa málsgrein hef eg hér
hvörri kennt sem þægast er,
þær mega glaðar þakka mér
þegar með stertinn skauta sér.
18. Skulu hér enda Skautaljóð,
skáldin bið eg mennta fróð
Vesturlands um víða slóð
við þau bæta og gleðja fljóð.

Efni kvæðisins

Til að skilja hvað Guðmundur er að fara með vísnum sínum er nauðsynlegt að hafa í huga hvernig skautafaldur eða krókfaldur lítur út og hvernig hann er gerður. Faldurinn er gerður úr ferhyrnum klútum eða tröfum. Þessi tröf eru vafin og bundin um höfuðið og fest með þrjónum. Faldurinn mjókkar eftir því sem ofar dregur og bognar fram á við efst.¹³ Í fyrstu vísunum gerir Guðmundur atlögu að því að lýsa þessu og lætur sem hann vilji gefa stúlkum ráð en fer þó fljótlega út í skopstælingu. Hann sér fyrir sér að krókfaldurinn sé eins og höfuð ofan á höfðinu en líkir honum jafnframt við hrútshorn, hundstrýni, einhyrningshorn og rófu á ketti.

Guðmundur sýnir að hann er vel heima í fornsögum með því að vísa í Fróðárundur þau sem lýst er í Eyrbyggja sögu. Þar kemur fyrir hlaði af skreið sem leikur hlutverk í yfirnáttúrulegri atburðarás. Í sögunni segir:

Mynd 1: Í Þjóðminjasafni er varðveittur útskorinn treflastokkur frá um 1700. Þar er sýnt á mynd hvernig ein kona aðstoðar aðra að skauta með háum krókfaldi.



17.3 glaðar] svo 39, 42, 489, 1070; allar 209, 582 17.4 með] - 39; að 489; þær 1070
17.4 stertinn] svo 489, 582, 1070; sterti 39, 42; stertnum 209 18.1 enda] endast 489,
582 18.4 bæta] svo 39, 42, 489, 1070; bæti 209, 582 18.4 gleðja] svo 39, 42, 489,
1070; gleðji 209, 582

13 Sigrún Helgadóttir 2013:120.





Þá var svo komið að meir og meir lét í skreiðarhlaðanum. Var þá svo að heyra nætur sem daga að skreiðin væri rifin. Eftir það voru þær stundir að skreiðina þurfti að hafa. Var þá leitað til hlaðans og sá maður er upp kom á hlaðann sá þau tíðindi að upp úr hlaðanum kom rófa, vaxin sem nautsrófa sviðin. Hún var snögg og selhár. Sá maður er upp fór á hlaðann tók í rófunu og togaði og bað aðra menn til fara með sér. Fóru menn þá upp á hlaðann, bæði karlar og konur, og toguðu rófunu og fengu eigi að gert. Skildu menn eigi annað en rófan væri dauð. Og er þeir toguðu sem mest strauk rófan úr höndum þeim svo að skinnið fylgdi úr lófum þeirra er mest höfðu á tekið en varð eigi síðan vart við rófunu. Var þá skreiðin upp borin og var þar hver fiskur úr roði rifinn svo að þar beið engan fisk í þegar niður sótti í hlaðann en þar fannst engi hlutur kvikur í hlaðanum.¹⁴

Næst nefnir Guðmundur Ása-Þór sem hann segist oft hafa séð *upp-málaðan* og að úr höfði hans standi *strýtan mjó og stór*. Í Snorra-Eddu segir frá viðureign Þórs við jötuninn Hrungni sem hafði hein fyrir vopn en með því orði er átt við einhvers konar brýni úr steini. Í bardaganum við Þór brotnaði heinin en hluti hennar brast í höfðinu á Þór og situr þar æ síðan eftir.¹⁵ Strýtan sem Guðmundur segir að standi upp úr höfðinu kann að vera þessi hein.

Vel má vera að Guðmundur hafi séð teikningar eða málverk af Ása-Þór með strýtu upp úr höfðinu eða eitthvert kynlegt höfuðfat þótt slíkar séu ekki varðveittar nú. Þær goðafræðilegu teikningar sem varðveittar eru frá 17. öld eru í Löngu-Eddu, AM 738 4to. Þar er mynd af Þór á blaði 35r og er hann þar sýndur hárprúður en hefur enga hein í höfðinu. Líklegt má teljast að önnur myndskreytt Edduhandrit hafi verið til á þessum tíma þótt nú séu glötuð enda er vitað um fjölmörg Edduhandrit frá 17. öld sem glötuðust í brunanum í Kaupmannahöfn 1728.¹⁶ Einnig er vitað að fremsti málari Íslands á þessum tíma, Hjalti Þorsteinsson (1665–1754), fékkst við goðafræðilegt efni en árið 1714 gaf hann Jóni biskup Vídalín málverk af Valhöll sem nú er glatað.¹⁷

Síðasti samanburðurinn í kvæði Guðmundar er við Háu-Þóru en hún er þekkt úr lýsingum á vikivakaleikjum á 18. öld. Í Háu-Þóruleik var svunta, kvenhempa og skaut sett á staur. Undir þessum búningi var

14 *Íslendinga sögur* 1985:607. Eyrbyggja saga var fyrst prentuð 1787 en til í mörgum handritum á 17. öld.

15 Snorri Sturluson 2002:103–104.

16 Haukur Þorgeirsson og Teresa Dröfn Njarðvík 2017:154; Einar G. Pétursson 1998:50.

17 Þorvaldur Thoroddsen 1898:288.





maður sem hélt á staurnum og ærslaðist með búninginn. Skautafaldurinn var greinilega eitt helsta einkenni Háu-Þóru og um hann er ítrekað getið í heimildum um leikinn.¹⁸

Kvæðadeilan um SKAUTALJÓÐ

Í síðustu vísu SKAUTALJÓÐA býður Guðmundur öðrum skáldum að við þau bæta og gleðja fljóð og má því segja að hann hafi að nokkru kallað yfir sig þau mörgu svarkvæði sem fram komu. Mér er kunnugt um 21 kvæði í þessari kvæðadeilu. Þar er um að ræða upphaflega kvæðið og svo 20 önnur sem eru svör annarra skálda við því eða andsvör Guðmundar við þeim svörum. Alls eru það 13 skáld sem tóku sér fyrir hendur að svara Guðmundi og hér fjalla ég um hvert þeirra fyrir sig. Ítarlegast er hér rýnt í svar Brynjólfs Erlingssonar í Lóni því að það hefur mikla útbreiðslu í handritum og virðist nokkuð hafa slegið tóninn fyrir umræðuna. Eftir því sem skáldunum fjölgar má segja að minna nýtt komi fram í hverju kvæði og umfjöllun mín er að sama skapi styttri.

Brynjólfur í Lóni — mega þær sjálfar ráða

Það andsvar við SKAUTALJÓÐUM sem varðveitt er í flestum handritum er eftir Brynjólf Erlingsson í Einarslóni (f. 1633, enn á lífi 1703) en eftir hann eru til í handritum rímur og kvæði.¹⁹ Einarslón er undir Jökli á Snæfellsnesi og ekki langt frá Arnarstapa. Samkvæmt Thott 489 8vo var Brynjólfur fyrstur til að svara SKAUTALJÓÐUM og kemur það heim og saman við að þeir Guðmundur hafi verið nágrennar. Kvæði Brynjólfs er 23 erindi og hefst svo:

Skrifuð fyrir mig skráin fauk,
Skautaljód að nafni,
lýsta eg með Lóðins hauk
að löguðu mæðar safni.²⁰

Lóðins haukur: hugur

18 Jón Samsonarson 1964:lxiii–lxiv, lxxiii, xcvi; Haukur Þorgeirsson 2011.

19 *Íslenzkar æviskrár* I:275.

20 Thott 489 8vo IV:24r–24v. Stafsetning samræmd til nútímahorfs hér og annars staðar þar sem vísað er í handrit. Kvæðið er varðveitt í 209, 489, 42, 39, 1070 og 582 og prentað í *Fróðlegu ljóðasafni*.



Brynjólfur segir að SKAUTALJÓÐ séu *glettin kveðja* og að hann hafi verið beðinn um að svara þeim. Hann skilur Guðmund þannig að hann gagnrýni allar konur og undanskilji engar, ekki heldur heiðurskonur:

Þá er að gæta í Bifurs björg
um bríkur dýnu linna,
hér á hlut að heldur mörg
heiðurs verðug kvinna.

Bifurs björg: skáldskapur
bríkur dýnu linna: konur

Undantekin engin stóð
í því skrifti eg merkti
um Vestfirðinga fjórðung fljóð
fann eg kvæðið snerti.²¹

Til að fá einhverja hugmynd um hvað liggja kunni að baki þessari gagnrýni er vert að skoða þau viðhorf til klæðaburðar sem birtast í ritum þessa tíma. Hér er nærtækt að athuga *Dyggðaspegil* eftir þýska kennimanninn Lucas Martinus (1548–1599) sem Jón Arason (1606–1673) þýddi á íslensku árið 1639 og til er í nokkrum handritum.²² Í þessu riti er fjallað um viðeigandi hegðun kvenna og beinist textinn einkum að meyjum af betri ættum. Hér er bent á að konur eigi að gæta hófs í klæðaburði og bera ekki of mikið skart:

Kvenfólk skal og hafa hóf og máta í klæðaburðinum og ekki bera of mikið skart á sér svo að menn megi merkja að í einum fagurt prýddum líkama sé einninn það innra skartið hjartans sem fólgið sé í sönnum guðsóttu og kristilegu lítillæti. Því að enn þó hvör megi eftir sínum eignum prýða sig þá á þar þó slíkur máti í að vera að ekki sýnist dramb og dreiss útrýma auðmýktina.²³

Þarna kemur þó fram að hver megi prýða sig *eftir sínum eignum* og þá ekkert við það að athuga að sumar konur hafi ríkmannlegri fót en aðrar. Raunar er það talið nauðsynlegt fyrir sátt og samlyndi í samfélaginu að klæðaburður sé í samræmi við þjóðfélagsstöðu:

Þó skal hvör og ein jómfrú klæða sig og prýða eftir sínum burðum, svo mismunur sé gjörður milli ættar og slektis, svo síst megi hneykslan af verða, hatur, afkoma, öfund, forsmán eður annað þess konar.²⁴

21 Rask 39:68.

22 Íslenska þýðingin hefur ekki verið prentuð en sjá Þórunni Sigurðardóttur 2017:291–291; Þórunni Sigurðardóttur 2012 og Þórunni Valdimarsdóttur 1986.

23 ÍBR 4 8vo:33r.

24 ÍBR 4 8vo:32v.



Svo virðist sem hugsun af þessu tagi búi sums staðar að baki í skautadeilunni. Eitt væri að segja að hár krókfaldur sé óviðeigandi búnaður fyrir sumar konur en annað að setja allar undir sama hatt. Önnur hugsun sem kemur ríkulega fram í textum þessa tímabils er andstæðan milli dygðugra meyja og vændiskvænna. Dyggðaspegill segir að „kvenfólk skal hafa hóf og máta í klæðabúnaðinum og ekki bera of mikið skart á sér“.²⁵ Fram kemur að Spartverjar hafi aðeins leyft „opinberum skækjum að þær mætti berast á til óhófs“.²⁶

Önnur samtímaheimild sem víkur að búnaði kvenna er ritgerð um skáldskap í Kvæðabók úr Vigur (AM 148 8vo). Þar er því haldið fram að ýkjur prýði sannar og uppbyggilegar sögur og rímur eins og skart prýði hreinar meyjar.

Já, að sönnu, sagna og rímna skreytur og ýkjur spilla ekki né vigla sögunni, eður rímnaflokk, ekki níða þær, heldur prýða þær henni líka sem gull og gimsteinar skírlífra meyja líkami, hvörjir þó eru að sönnu hinir hreinferðugustu.²⁷

Ef innihaldið í sögunum er hins vegar „falsað og logið“ þá er það í myndlíkingunni „svo sem vondar lauslætisskækjur gjöra með skartinu enn berlegri og mikilfenglegri sinn lauslætisljótleika“.²⁸

Þessar heimildir sýna afstöðu til klæðaburðar kvenna sem í er dálítill togstreita. Konur eiga að prýða sig eftir sínum efnum og þá eðlilegt og æskilegt að efnaðar konur hafi glæsileg klæði. Á hinn bóginn eiga þær líka að sýna hófsemi og er það raunar talið kristilegt. Skart prýðir hreinar meyjar og er þeim til sóma — en getur líka verið einkenni á skækjum. Þarna getur jafnvægið verið dálítið viðkvæmt og það ýtir ef til vill undir að umræðan verði heit. En jafnframt eru þessar dygðahugmyndir sú orðræða um klæðaburð kvenna sem menn kannast við. Skautadeilan hefur því tilhneigingu til að renna inn í þessa braut þótt þetta sé varla það sem vakti upphaflega fyrir Guðmundi.

Í skautadeilunni kemur það fyrir að skáldin haldi því fram að konur ráði sjálfar höfuðbúnaði sínum og gefi í skyn að það sé óviðeigandi að karlmenn skipti sér af honum. Brynjólfur Erlingsson talar á þessum nótum og vísar í Biblíuna máli sínu til stuðnings:

25 ÍBR 4 8vo:33r.

26 ÍBR 4 8vo:33v.

27 Þórunn Sigurðardóttir 2014:153; AM 148 8vo:32v.

28 Þórunn Sigurðardóttir 2014:153; AM 148 8vo:32v.



Skautafaldurinn skikkanlegur
skín á bríkum þráða,
hvert hann mælist mjór eða digur
mega þær sjálfar ráða.

bríkur þráða: konur

Sankti Páll oss segir það
sóma kvenmannanna
svo virðuglega hann víkur að
veldi á höfði svanna.²⁹

Sá ritningarstaður sem Brynjólfur hefur í huga er greinilega 11. kapítuli fyrra bréfs Páls postula til Korintumanna en þar fjallar Páll um höfuðbúnað kvenna og þar koma fyrir orðin „sómi“ og „veldi“. Í Guðbrandsbiblíu eru hér enn fremur notuð sagnorðin „að skauta“ og „að falda“ þar sem Páll fjallar um að konur eigi að bera höfuðbúnað:

En það vil eg að þér vitið að Kristur er hvers manns höfuð en konunnar höfuð er maðurinn en höfuð Krists er Guð. [...] Og hver sú kona sem biður eður spár með beru höfði hún óvirðir sitt höfuð því að það er eins sem væri hennar höfuðhár í burt rakað. Vill hún eigi skauta sér þá rakist af hennar höfuðhár. En fyrst það er ljótt fyrir konuna að hafa afrakað hár eða sköllótt höfuð þá faldi hún sér.³⁰

Páll heldur áfram og nú kemur orðið „veldi“ fyrir:

En karlmaðurinn skal ekki falda höfuð sitt með því hann er Guðs mynd og sómi. Konan er mannsins sómi. Því að maðurinn er eigi af konunni heldur konan af manningum. Maðurinn er eigi skapaður vegna konunnar heldur konan vegna mannsins. Þar fyrir skal konan hafa veldi á sínu höfði fyrir englanna sakir.³¹

Þessi setning um veldi og engla hefur Brynjólfi þótt falleg og nothæf í því skyni að verja skautafaldinn. Í spássíugrein í Guðbrandsbiblíu er orðið „veldi“ útskýrt svona:

Það meinar hann skautið eða trafið hvar af að merkjast skal það hún sé undir kallmannsins valdi.³²

²⁹ Rask 39:68.

³⁰ *Guðbrandsbiblía*, Nýja testamentið:79r. Stafsetning færð til nútímahorfs.

³¹ *Guðbrandsbiblía*, Nýja testamentið:79r.

³² *Guðbrandsbiblía*, Nýja testamentið:79r.



Enn heldur Páll áfram:

Dæmi þér sjálfir yðar á milli hvort það hæfir konunni að biðja fyrir Guði óskautuð? Kennir yður ekki náttúran sjálf að það sé lýti fyrir karlmanninn hann hafi sítt hár en konunni að sönnu sómi það hún hafi síða lokka? Af því hárið er henni til skýlingar gefið.³³

Þarna er það raunar sítt hár en ekki höfuðbúnaður sem er konunni sómi. Má því segja að Brynjólfur fari dálítið frjálsega með textann. Athyglisvert er einnig að hann víki ekkert að þeim boðskapi Páls að konan sé undirskipuð karlmanninum. Raunar er það dálítið brotlegt að Brynjólfur skuli vísa í þennan ritningarstað jafnframt því sem hann talar um að konur megi *sjálfar ráða* því að kvenfrelsi er sannarlega ekki inntakið hjá Páli.

Brynjólfi þykja samlíkingar Guðmundar ósmekklegar og tiltekur sérstaklega hundstrýnið, Fróðár-rófuna og Ása-Pór. Margir áttu eftir að taka í sama streng. Textinn hjá Brynjólfi heggur dálítið að Guðmundi og kannski mest með orðunum og *dæmir faldinn dent eða stert, / djöfullinn kennt þér hefur*.³⁴

Guðmundur svaraði kvæði Brynjólfs fullum hálsi í 23 erindum. Svárið er varðveitt í fimm handritanna og hefst svo:

Fyrir mig barst ein skrýtin skrá,
skáldum eignuð fróðum,
meistari hefur myndað þá
móti Skautaljóðum.³⁵

Guðmundur tekur því illa að Brynjólfur hafi bendlað sig við djöfulinn og sendir honum kaldar kveðjur á móti — segir að *afgamall ... Úlfur kall sé skilnings blindur*.³⁶ Hann telur að Brynjólfur hafi misskilið SKAUTALJÓÐ, meiningin hafi ekki verið að hæðast að heiðurskonum — *þar er engin tekin til tals / nema þiggja vilji*.³⁷

Brynjólfur vísaði í Biblíuna máli sínu til stuðnings en Guðmundur á ekki í neinum vandræðum með að gera það líka í sínu svári:

33 *Guðbrandsbiblía*, Nýja testamentið:79r.

34 Rask 39:69.

35 Rask 39:69. Handrit sem varðveita kvæðið: 489, 42, 39, 1070, 582. Kvæðið er prentað í *Fróðlegu ljóðasafni*.

36 Rask 39:70

37 Rask 39:70.



Skal hann voga að halda háð
heims þá dýrð á sanna
sem Mattheus hefur rétt með ráð
ritað um þrjálið manna.³⁸

Vera má að Guðmundur hafi haft í huga sjötta kapitula Matteusarguð-
spjalls þar sem þetta má finna:

Eigi skulu þér yður fjársjóðum safna á jörðu hvar þeim má mölur og ryð
granda [...]

Og hvar fyrir eru þér hugsjúkir fyrir klæðnaðinum?³⁹

Það er enginn skortur á ritningarstöðum af þessu tagi en hér má þó segja
að Guðmundur sé kominn nokkuð frá því sem hann lagði upp með í
SKAUTALJÓÐUM. Þau áttu greinilega að vera skopkvæði til gamans fremur
en siðferðislegt umvöndunarkvæði. Í hinum upphaflegu SKAUTALJÓÐUM
eru engar kristilegar vísanir og krókfaldurinn er þar ekki fordæmdur
fyrir að vera óhóflegt veraldlegt þrjál heldur einfaldlega fyrir að líta skrípa-
lega út.

Hins vegar má sannarlega finna ádeilukvæði frá 17. öld þar sem deilt
er á drambsemi í klæðaburði og má nefna OFLÁTUNGSLÝSINGU Hallgríms
Péturssonar og *Veer Scheertz Gedichte* eftir Hans Willumsen Laorem-
berg.⁴⁰ Líklegt er að bæði Guðmundur Bergþórsson og viðmælendur
hans hafi þekkt kveðskap af því tagi.

Séra Jón á Hjaltabakka — brúkaðu digran stert fyrir staf

Af öllum þeim sem ortu gegn SKAUTALJÓÐUM var séra Jón Grímsson á
Hjaltabakka (f. um 1642, d. 1723)⁴¹ sá sem lengst gekk í rætni og fúlum
skömmum. Jón þekkir kvæði Brynjólfs og vísar til þess og efnislega er
hans eigið kvæði ekki ósvipað en talsvert lengra eða 51 erindi og hefst á
orðunum *Skutust hingað Skautaljód*. Eins og Brynjólfur telur Jón að
konur megi breyta höfuðbúnaði sínum eins og þær vilja og að það geri
karlönnum ekki neitt:

Til þó breyti tvinna hrund
téðum skauta földum

tvinna hrund: kona

38 Thott 489 8vo IV:27v.

39 *Guðbrandsbiblíá*, Nýja testamentið:4v.

40 Margrét Eggertsdóttir 2005:238–240.

41 *Íslenzkar æviskrár* III:123.



eftir sinni eigin lund
öngva smán það höldum.⁴²

Jón tekur sér fyrir hendur að hrekja þá hugmynd að skautafaldurinn sé innblásinn af rófunni í Fróðárundrum og er það eitt dæmi af mörgum um að SKAUTALJÓÐ séu tekin alvarlegar en höfundurinn hefur væntanlega ætlað:

Því langtum fyrri liljan bar
lagleg, oturs gjalda, oturs gjalda lilja: kona
fald á höfði en Fróða var
af fyrðum nefnd hin kalda.⁴³

Jón er sérstaklega áhugasamur um það sem Guðmundur segir um Ása-Þór og hefur um það nokkrar vísur. Hann dregur í efa það sem Guðmundur segir um uppmálaðan Ása-Þór með strýtu úr höfðinu. Jón segir:

Var það satt þú sagðir frá?
Sástu Þór hinn sterka
uppmálaðan ýtum hjá
sem Elli hugði lerka?

Hver hefur myndað málverk það
menn eða trylltir álfar,
fjendurnir úr fítöns stað
eða fingur þínar sjálfar?⁴⁴

Eins og Brynjólfur áður telur Jón að djöfullinn eigi hlut að máli í SKAUTALJÓÐUM:

Muntu þiggja mestan hnjóð
margra róms í porti róms port: munnur
fyrir þau skitnu Skautaljóð
er skrattinn með þér orti.⁴⁵

Jón gengur lengra en önnur skautaskáld í því að sneiða persónulega að Guðmundi. Hann hefur eflaust fötlun Guðmundar í huga þegar hann heldur því fram að skáldið betli sér til matar:

42 Rask 39:79. Kvæðið er einnig í 489, 42 (að hluta), 1070 og 582. Það er prentað í *Fróðlegu ljóðasafni*.

43 Rask 39:79.

44 Rask 39:80.

45 Rask 39:81.





En sá meyjarnar biður brauðs
og betlar í þeirra ranni
ljúfa hæðir lilju auðs,
líst það fjærri sanni.⁴⁶

lilja auðs: kona

Einnig vakir fötlun Guðmundar fyrir Jóni þegar hann segir honum að nota stert fyrir staf:

Brúkaðu digran stert fyrir staf
ef stíga þarftu á fætur,
hvörki var hann hafður í traf
af hrundum dag né nætur.

Haltu það ei hæðnisvert
þó hrokann mættir lægja,
og værir þú kenndur viður stert
en vífin tækju að hlæja.⁴⁷

Guðmundur svaraði Jóni með 48 erindum og hefst kvæðið á orðunum *Fjölnirs hingað ferjan ljót*.⁴⁸ Hann segist þar hafa séð nokkur svör við SKAUTALJÓÐUM en *þó ber þessi öllum af / orðshæð hvörri meiri*.⁴⁹ Hann segist vart trúa því að prestur taki til máls með þeim hætti sem Jón gerir og gefur í skyn að hann hafi lært í Svartaskóla:

Svara kanntu sem eg spyr,
Suðra smiður nökkva,
hefurðu verið vígður fyr
og villst í skólann dökkva?⁵⁰

smiður Suðra nökkva: skáld

Jafnframt gerir hann eins og Jón áður og bendlar andstæðinginn bæði við djöfulinn og heiðni:

Sérlega komstu seint í vist
Satans yrkju að þjóna,
heiðnir illa hafa þar misst
hofmann blót að tóna.⁵¹

46 Rask 39:79.

47 Rask 39:80.

48 Kvæðið er varðveitt í 489, 39, 1070, 582. Það er prentað í *Fróðlegu ljóðasafni*.

49 Rask 39:82.

50 Rask 39:82.

51 Rask 39:82.





Upphaflega umræðuefnið, skautafaldurinn, tekur nokkuð að tynast hér. Þó reynir Guðmundur að segja sér til varnar að hann hafi ekki lastað konur þótt hann hafi lastað skautin:

Lýtti hvörki last né blót	
liljur drupnirs sveita	liljur drupnirs sveita: konur
þó skrafað væri um skautin ljót	
þá skorður auðs til breyta. ⁵²	skorður auðs: konur

Móðir Guðmundar kemur örlítið við sögu því að Jón hafði spurt hann hvort hún hafi ekki borið „dent“. Guðmundur svarar þessu:

Spurning leysist þar með þín,
þetta ljóst eg segi,
faldinn bar hún móðir mín
en mjóa krókinni eigi.⁵³

Guðmundur hafnar þeirri ásökun Jóns að hann stundi betl:

Drottinn mér svo deildi út verð
af dýrri gæsku sinni
að hef eg aldrei húsgangsfærð
hrakist á ævi minni.

Betlara engin sið mig sá	
seima brúka Gerður,	seima Gerður: kona
leggðu niður lygi þá	
sem lítil sæmd að verður. ⁵⁴	

Sérstaklega athyglisverð er sú vísa Guðmundar þar sem hann svarar þeirri tillögu að hann gæti notað stert fyrir staf:

Með sterti muntu ei styðja mig,
staflaus kór mér veldur,
en þegar beygir ellin þig,
á hann þar við heldur.⁵⁵

Fötlun Guðmundar er þess eðlis að stafur kemur honum ekki að neinu gagni. Því snýr hann upp í eins konar styrkleika í þessu svari og bendir

52 JS 582 4to:87r.

53 JS 582 4to:87v.

54 JS 582 4to:87r.

55 JS 582 4to:87r.





á að það sé frekar Jón sjálfur sem gæti átt von á að þurfa staf. Í þjóðsagnaefni frá 19. öld er því haldið fram að „þegar Jón fékk svar Guðmundar hafi hann verið að smíða í smíðju sinni, og brá þá svo við að hann stakk sig með knífi í lærið og var jafnan haltur síðan.“ Hugmyndin hér er að Guðmundur hafi verið kraftaskáld og eru um það fleiri sögur.⁵⁶

Þórður Halldórsson — koppur og laufaprjóna

Það skáld sem átti lengsta skautadeilu við Guðmund Bergþórsson var Þórður Halldórsson. Þórður er annars lítt kunnur en nokkuð er varðveitt af kveðskap hans. Hann mun hafa búið í Öndverðarnesi og að Haukabrekku.⁵⁷ Í sumum handritum og í *Fróðlegu ljóðasafni* er honum ruglað saman við Þórð á Strjúgi sem uppi var á 16. öld.

Þórður telur að konur eigi skilið þakklæti en ekki háð og setur saman snotra vísu um móður sína og Maríu guðsmóður:

Allar skyldugt ætti þar
um þær satt eg ræddi,
hennar nyti er herrann bar
og hinnar sem mig fæddi.⁵⁸

Eins og fleiri skammar hann Guðmund fyrir að gera ekki greinarmun á konum:

Skilnað öngvan Skautaljóð
skorðum gulls hér veita
hverra að reynist hegðan góð
og hinna er illa breyta.⁵⁹

skorður gulls: konur

Þórði eru dygðugar konur þó greinilega hugleiknari en illar og má jafnvel segja að hann setji kvenlega dygð nokkuð á stall:

Víntrés blóm er kvinnan kær,
karlmanns dygð þó rotni,
hennar sóma hver sem nær,
hlýtur lán af drottini.⁶⁰

⁵⁶ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* 3:474; um túlkun á þessum frásögnum sjá Bower 2022.

⁵⁷ *Íslenzkar æviskrár* V:99.

⁵⁸ Rask 39:71.

⁵⁹ Rask 39:71.

⁶⁰ Rask 39:71.





Hreinlyndi konunnar setur Þórður í samband við fagran höfuðbúnað:

Hreinar meyjar hrósa sér
höfðinu þegar þjóna,
klénan fald þá kærán ber
koppur og laufaprjóna.⁶¹

klénn: fínlegur; kæra: kona
koppur: höfuðdjásn

Guðmundur svaraði Þórði og er þetta upphaf að:

Hér hafa farið um húsgang vers
sem hávu málin bjóða,
gildmannlega gjörð til þess,
gensvar Skautaljóða.⁶²

Efnislega er lítið nýtt í svarkvæði þessu. Guðmundur segir Þórð hafa mis-
skilið SKAUTALJÓÐ og svarar ávirðingum hans með fúlum skömmum á
móti. Þessu hefur Þórður ekki unað og efnir á ný til andsvara. Helsta
nýbreytnin í öðru kvæði Þórðar er bragarhátturinn, sem ekki er af rímna-
tagi:

Skautaljóð í hraknings hruni,
heyrast tekur margan gruni,
hvumleið verða húsgang á,
ljótt upphaf sem loga funi
líkast þykir flökta muni
og illan hljóta enda fá.⁶³

Guðmundur svaraði enn og undir sama bragarhætti:

Digtað hefur enn drápu eina,
drambsamlega, þeygi hreina,
frakmeistarinn forni hér.
Svars að leita af mér eg meina
mun hann vilja ef á skal reyna.
Vinnur hver það vanur er.⁶⁴

61 Lbs 1070 8vo:6.

62 Rask 39:71. Kvæðið er varðveitt í 489, 42, 39, 1070 og 582. Það er prentað í *Fróðlegu ljóðasafni*.

63 Rask 39:73. Kvæðið er varðveitt í 489, 42, 39, 1070 og 582. Það er prentað í *Fróðlegu ljóðasafni*.

64 Rask 39:74. Kvæðið er varðveitt í 489, 42, 39, 1070 og 582. Það er prentað í *Fróðlegu ljóðasafni*.



Þarflaust er að rekja þær ávítur sem Þórður og Guðmundur skiptast á en þó er dálítið athyglisvert að Guðmundur sakar Þórð um leirburð og skammar hann fyrir að nota orðið *skorða* eins og heiti um konu. Guðmundi hefur þótt það eitt rétt að *skorða* sé stofnorð í kenningu og sýnir þetta að ekki hafa allir talið hálfkenningar góðar og gildar.⁶⁵

Steinn Jónsson — Ósvífs dóttir ei óvirt hjá auðar skorðum

Steinn Jónsson (1660–1739) varð prestur í Hítardal 1688, síðan kirkju-
prestur í Skálholti 1692, fékk Hítarnes 1693 og Setberg 1699. Hann varð
biskup á Hólum 1712.⁶⁶ Steinn var skáldmæltur bæði á íslensku og latínu
og lærdómsmaður eins og innlegg hans í skautadeiluna ber með sér.
Kvæði hans er kenningum hlaðið og hefst svo:

Kvásirs tíðum opna æðar	að opna æðar Kvásirs: að yrkja
íss á grundu	
gjörðu lýðir, golnirs flæða	gólnirs flæða gjafir: skáldskapur
gjafir fundu. ⁶⁷	

Steinn segir að Páll postuli hafi boðið konum að hafa höfuðbúnað en ekki komi fram hvort skautin eigi heldur að vera mjó eða víð. Steinn bendir á að faldurinn geti verið á ýmsa vegu:

Ýmsa vega hafa hrundir	
hrannar stjarna	hrundir hrannar stjarna: konur
og margvíslega mynd á undið	
möttul hjarna. ⁶⁸	

Á eftir þessu tekur Steinn dæmi úr Laxdæla sögu og nefnir Guðrúnu Ós-
vífursdóttur og Hrefnu Ásgeirsdóttur:

Ósvífs dóttir ei óvirt	
hjá auðar skorðum,	auðar skorðir: konur
krókfald þóttist kvendið gyrt	
hafa kams að storðum.	storðir kams: höfuð
Þótti Kjartan gleðja geðið	
gulls hjá Hildi,	gulls Hildur: kona

65 Um hálfkenningar að fornu sjá Frank 1985:166–167.

66 *Íslenzkar æviskrár* IV:351–352.

67 JS 209 8vo.

68 JS 209 8vo.



Hrefnu skarta motri með
í mesta gildi.

Eftir sínu sinni þannin
seima þilja
sérhver línið lokka ranninn
lætur hylja.⁶⁹

seima þilja: kona

lokka rann: höfuð

Í 33. kafla Laxdæla sögu segir Guðrún frá draumum sínum og í einum þeirra hefur hún „krókfald á höfði“. Er þetta raunar eina dæmið í fornum ritum þar sem krókfaldur er nefndur.

Laxdæla saga var fyrst prentuð 1826 en fjölmörg handrit hennar voru skrifuð á 17. og 18. öld og sjá má af skáldskap að þekking á henni hefur verið útbreidd.⁷⁰ Á 16. öld vísar Þórður á Strjúgi í Laxdæla sögu, bæði í KAPPAKVÆÐI sínu og í FJÓSARÍMU. Það sama gerir Steinunn Finnsdóttir (f. um 1641, d. 1710) í sínu KAPPAKVÆÐI.⁷¹ Á 18. öld orti Tyrfingur Finnsson (f. um 1713, d. fyrir 1762) VÍSUR UPPÁ LAXDÆLA SÖGU og Eiríkur Bjarnason (1704–1791) orti LAXDÆLARÍMUR.⁷²

Þegar Þórður Þorláksson var biskup í Skálholti (1674–1697) voru fornrit í fyrsta skipti prentuð á Íslandi, þar á meðal Ólafs saga Tryggvasonar eftir Flateyjarbók. Má þar finna nokkurt efni úr Laxdæla sögu, þar á meðal kaflann þar sem Ingibjörg konungssystir gefur Kjartani Ólafssyni motur.⁷³ Þessar prentuðu bækur höfðu fremur litla útbreiðslu og lengi eftir þetta þekktu Íslendingar fornritin fyrst og fremst úr blómlegri handritamenningu.⁷⁴ Eigi að síður má hafa í huga að Steinn Jónsson var í Skálholti á tíma þegar þar var mikil lærdómsmenning og áhugi á fornum menntum.⁷⁵

Það er greinilegt að Steinn telur að í krókfaldi Guðrúnar Ósvífursdóttur sé nokkur stoð fyrir þær konur sem bera krókfald í lok 17. aldar. Þetta er í samræmi við viðhorf í íhaldssömu samfélagi þar sem hið gamla og hefðbundna er af hinu góða. Slíkt viðhorf er skýrt sett fram í Dygðaspegli:

⁶⁹ Rask 39:76.

⁷⁰ Sjá skrá yfir handrit sögunnar hjá Heizmann 2000 og yfirlit um kveðskap eftir sögunni hjá Vanherpen 2020:606–608.

⁷¹ Steinunn Finnsdóttir 1950:115–116.

⁷² Sverdlöv og Vanherpen 2017; Finnur Sigmundsson 1966, I:326.

⁷³ *Saga þess haloflega herra k. Olafs Tryggvasonar* 1690:252–255.

⁷⁴ Hufnagel 2021:313.

⁷⁵ Þórunn Sigurðardóttir 2015:223.





Jómfrúrnar skulu hegða sér í klæðaburði og útvortis skarti eftir þeirra föðurlands ærlegri vísu og siðvenju og taka ekki nýjar nótur eftir útlensku fólki.⁷⁶

Í hinum upphaflegu SKAUTALJÓÐUM er gefið í skyn að krókfaldurinn sé nýjung og Steinn hefur talið sig hrekja þá skoðun.

Guðmundur svaraði Steini og undrar sig þá á því að lærður maður taki til máls í þessari umræðu — hann segir að *fleiri verða en fantar nú / á falda þingi*.⁷⁷ Svarkvæði Guðmundar er svolítið eddubornara en hann á vanda til og má vera að hann hafi ekki viljað vera neinn eftirbátur Steins í málskrúði. Efnislega finnur Guðmundur snjallt svar við máli Steins. Hann bendir á að Guðrún Ósvífursdóttir hafi kastað krókfaldinum:

Ósvífs dóttir dörs fyrir þorni
draum sinn tjáði,
vansemd þótti að krókfaldskorni
og kasta náði.⁷⁸

dörs þorn: karlmaður

Sigurður Pálsson — átti hún sér í valdi

Sigurður Pálsson (f. um 1640, d. 1720) var skáld og bóndi að Syðra-Skógarnesi á Snæfellsnesi. Skautakvæði hans er 26 erindi og varðveitt í fjórum þeirra handrita sem hér eru tekin til rannsóknar.⁷⁹ Ólíkt öðrum kvæðum sem hafa svo mikla útbreiðslu í handritum er ekki að finna að Guðmundur hafi svarað þessu. Vera kann að kvæði Sigurðar hafi komið seinna fram en hin og að Guðmundur hafi lítið séð nýtt í því sem kallaði á frekari andsvör.

Sigurður telur að konur megi falda eftir hugviti sínu:

Hugða eg snótum leyfilegt
líni svo að falda
svo sem heimtí hugvits mekt
og hæfir vefjum tjalda.⁸⁰

vefjur tjalda: konur

⁷⁶ ÍBR 4 8vo:33r.

⁷⁷ Rask 39:78.

⁷⁸ Rask 39:78.

⁷⁹ Kvæðið er varðveitt í 489, 39, 1070, 582.

⁸⁰ Thott 489 8vo IV:45v.





Eins og Steinn Jónsson vísar Sigurður í Laxdæla sögu og nefnir Hrefnu Ásgeirsdóttur. Aftur hnykkir hann á því að konan ráð sjálf lögum á faldi sínum:

Hraklaust þótti Hrefnu skart
að hreyfa moturs faldi,
hvernin hann væri ofan að art
átti hún sér í valdi.⁸¹

Bergþór Oddsson í Flatey — gæfð og hegðan fráma

Handritið JS 209 8vo varðveitir einhvers konar norðurreið SKAUTALJÓÐA en í því eru kvæði frá Norðurlandi sem ekki finnast í öðrum handritum. Þessi norðurkvæði eiga það sameiginlegt að ekki eru varðveitt nein svör frá Guðmundi við þeim og kann að vera að hann hafi aldrei séð þau.

Meðal kvæðanna í JS 209 8vo er eitt eftir Bergþór Oddsson (f. 1639, d. eftir 1703 en fyrir 1712), skáld í Flatey á Skjálfanda. Bergþór er þekktastur fyrir rímur sínar og einkum ÚLFS RÍMUR UGGASONAR sem nutu nokkurra vinsælda en þóttu klúrar.⁸² Með það í huga kemur svolítið á óvart að framlag Bergþórs til skautadeilunnar skuli ekki vera bragðmeira en raun ber vitni. Kvæðið er 26 erindi og hefst svo:

Litið hef eg á ljóðin tvenn,
læst sem skynja kunní
að þaug hafi samið mætir menn,
Mímirs fræða brunni.⁸³

Bergþór rekur kvæði Guðmundar þar sem hann líkir krókfaldinum við stert, hundstrýni, kattarrófu og fleira og hafnar þessu öllu. Það er þó varla hægt að segja að hann verji krókfaldinn heils hugar heldur notar hann um hann orðið *þrjál* og slær á þann kristilega streng að besta skartið sé dygðin:

Brikum auðs er besta skart	brikur auðs: konur
bera dygða sóma,	
guðhræðslunnar góða art,	
gæfð og hegðan fráma.	

81 Rask 39:86.

82 Páll Eggert Ólason 1944:383.

83 JS 209 8vo. Handritið er hvorki blaðmerkt né blaðsíðumerkt en hefur efnisyfirlit fremst.

Varla þurfti að leggja last
lilju⁸⁴ búnings þrjá,
vífunum er vandfarnast
í verkum, trú og máli.⁸⁵

Árni Pétursson — Ellegar þær sem akta skraut

Árni Pétursson (f. 1652, d. eftir 1731) var skáld og lögréttumaður, bóndi á Svertingsstöðum í Eyjafirði.⁸⁶ Kvæði hans er varðveitt í JS 209 8vo ásamt öðrum norðlenskum skautakvæðum. Það hefst svo:

Eg var beðinn mærdar máls
Mönduls knör að smíða,
vildi eikin unnar báls
einhvör þessu hlýða.⁸⁷

Mönduls knör: skáldskapur
eik unnar báls: kona

Eins og önnur skautaskáld gagnrýnir Árni Guðmund fyrir ósmekklegar samlíkingar. Hann tekur jafnframt upp það kunnuglega þema að Guðmundi hafi láðst að gera greinarmun milli kvenna. Um það segir hann þetta:

Þar fráskilin engin er
í því ljóða skrifi
hringa sól sem heiður ber,
hönum sást það yfir.

hringa sól: kona

Mismun ættu skáldin skýr
skarlats hrunda að gera,
þær sem þrýðir dygðin dýr
og dávænt skikkels bera.

skarlats hrundir: konur

Ellegar þær sem akta skraut
öðrum dygðum framar,
forfangs dragt og falda skaut,
feimur lastasamar.⁸⁸

forfang: hégómi
feimur: konur

84 *lilju*: Orðið er skýrt í handritinu en óljóst hvernig það fellur í samhengið. Hugsanlega hefur eitthvað afbakast.

85 JS 209 8vo.

86 *Íslenzkar æviskrár* I:65–66.

87 JS 209 8vo.

88 JS 209 8vo.



Jón Einarsson í Hraukbæ — bera silki og laufaskurð

Jón Einarsson í Hraukbæ við Eyjafjörð (f. um 1650, d. 1720) var lögréttu-
maður og skáld.⁸⁹ Eins og aðrir gagnrýnir hann Guðmund fyrir ósæmi-
legar samlíkingar en virðist þó telja að hann hafi *óviljandi* gert sig sekan
í málinu. Athyglisvert er að Jón talar um *pilta tál* þar sem hann lýsir
fögnum höfuðbúnaði:

En það er gamalt manna mál
að meyjarnar séu pilta tál
nær á hatti breyta burð,
bera silki og laufaskurð.⁹⁰

Þetta hljómar eins og til standi að ræða um tálkvendi í vandlætingartóni
en það reynist ekki raunin. Jón telur að konum sé frjálst að hafa fagan
höfuðbúnað:

Fljóðin jafnan vænkast við
að vefja lín um höfuðið,
lög málið þeim leyfir frí
litklæðunum ganga í.⁹¹

Kvæðið endar hins vegar á dálítið þyngri trúarlegum nótum um for-
gengileika hins jarðneska:

Ætíð verum áminntir,
eins þá línið sjáum vér,
dauða vörn og dimma gröf
þá dormar hold við fúin tröf.⁹²

Jón Skúlason í Gullbrekku — Mér líst hann sjálfur fari nú fyrst

Jón Skúlason hreppstjóri bjó á Gullbrekku í Eyjafjarðarsveit. Hann fædd-
ist 1668 en dánarár hans er ekki þekkt. Ekki virðist kunnur annar kveðs-
kapur eftir Jón en innlegg hans í skautadeiluna. Skautakvæði Jóns er 31
erindi og varðveitt í JS 209 8vo ásamt öðrum skautakvæðum af Norður-

⁸⁹ *Íslenzkar æviskrár* III:96.

⁹⁰ JS 209 8vo.

⁹¹ JS 209 8vo.

⁹² JS 209 8vo.





landi. Jón fjallar um þau „ráð“ sem Guðmundur gefur stúlkum í SKAUTA-
LJÓÐUM og leggur til að Guðmundur fylgi þeim sjálfur:

Mér list hann sjálfur fari nú fyrst
og finlega vígi ráðin sín
svo best þá kunni að líta list
lín þó engin brúki fín.

Húfan sé hans höfði á,
hlýðir betur soddan smíð,
mjó sem trýni seppa að sjá,
síð við tvær en hvörgi of víð.⁹³

Þegar Guðmundur hefur klæðst með þessum hætti segir Jón að hann eigi
að *spróga sig* í spegli. Með þessu hefur sjálfsagt verið meiningin að sneiða
að karlmennsku Guðmundar.

Um búning kvenna segir Jón ekki mikið en þó er helst á honum að
skilja að það sé ekkert við það að athuga að konur klæði sig eftir eigin
smekk.

Hvað skulu soddan heimsku ljóð
hlýða um skauta lögunar smíð
eður mjótt þó faldi fljóð
fríð sem gírnist bauga hlíð.⁹⁴

bauga hlíð: kona

Ólafur Guðmundsson — skikkjuna eftir vexti

Ólafur Guðmundsson (1657–1731) var prestur á Hrafnagili í Eyjafirði. Ekki er kunnugt um annan kveðskap eftir hann en kvæði hans í skauta-
deilunni. Það er athyglisvert fyrir þær sakir að Ólafur tekur ekki afstöðu
gegn Guðmundi heldur segist vilja sætta hann og andstæðinga hans. Í
kvæði Ólafs er því lítið um skammir heldur er eins og hann reyni að
draga saman einhverja niðurstöðu úr deilunni. Hann fer nokkuð yfir það
þema að skáldum sé nauðsyn að gera greinarmun á frómum konum og
þeim sem hafa óhóflegan áhuga á klæðnaði. Jafnframt leggur hann
áherslu á að það sé mismunandi hvað hæfi hverri og einni:

93 JS 209 8vo.

94 JS 209 8vo.





Vilda eg sjá að væri sá
vaninn kvenna fremsti
að skauti hver og skeri sér
skikkjuna eftir vexti.⁹⁵

Það virðist ekki síst vaka fyrir Ólafi að þjóðfélagsstaða skipti máli í klæðaburði:

Ambáttin með óefnin
eins vill búning kanta,
verður þá sem von er á
úr vinnukonu ganta.⁹⁶

ganta: flón

Þórður Þorkelsson — eftir standi sínu senn

Síðustu tvö skautakvæðin í JS 209 8vo eru ekki beint á eftir hinum heldur aftar í handritinu og kunna því að vera tekin eftir annarri heimild en hin. Þessi kvæði eru í handritinu sögð eftir Þórð Þorkelsson. Það er væntanlega Þórður Þorkelsson Vídalín (1661–1742) sem var skólameistari í Skálholti 1688–1690 og síðan bóndi og umboðsmaður í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu.⁹⁷ Þórður var með lærðustu mönnum landsins á sinni tíð og skáldmæltur bæði á íslensku og latínu. Hann var talinn manna greindastur en vínheigð og aðrir persónubrestir urðu til þess að hann varð ekki mikill gæfumaður.

Annað skautakvæða Þórðar hefst á orðunum *Góðan máta að gamma sér* og hefur áþekkt innihald og mörg önnur innlegg í deiluna. Ósmekklegar samlíkingar Guðmundar eru fordæmdar og sagt að konur megi sjálfar ráða því hvort faldurinn er mjór eða digur. Einnig kemur fram að eðlilegt sé að klæða sig í samræmi við efni eða stöðu:

Eftir standi sínu senn
sérhvör brúki klæðnaðinn,
helst það vanda hyggjir menn
að hlýði vexti stakkurinn.⁹⁸

⁹⁵ JS 209 8vo.

⁹⁶ JS 209 8vo.

⁹⁷ *Íslenzkar æviskrár* V:118–119.

⁹⁸ JS 209 8vo.



Hitt skautakvæði Þórðar hefur á sér blíðari blæ en önnur innlegg í kvæðadeilunni. Hann sparar sér þar að troða illsakir við Guðmund Bergþórsson en notar í staðinn tækifærið til að ræða um skautafaldinn og hvernig hann sé gerður. Dregin er upp snotur mynd af því þegar ein kona hjálpar annarri að skauta og lýkur svo lofsorði á árangurinn. Þar sem kvæðið er fallett og hefur aldrei verið prentað áður birti ég það hér aftan við greinina.

Benedikt í Bjarnarnesi — skrúfuvarf og skaut við of

Benedikt Jónsson í Bjarnarnesi (f. um 1664, d. 1744) var prestur og skáld. Hann þótti greindur maður en var harðlyndur og átti í deilum við nágranna sína.⁹⁹ Í handritinu Rask 39 er Benedikt eignað eitt kvæði í skautadeilunni. Sama kvæði er prentað í *Fróðlegu ljóðasafni* og þar eignað séra Bjarna Jónssyni — væntanlega þeim sem fæddist um 1665 og lést 1716. Hér verður þó eldri heimildin talin trúanlegri.

Benedikt fordæmir Skautaljód Guðmundar og telur ljótt að lasta konur. Hins vegar kemur í ljós að hann hefur skoðanir á því hvernig faldur skuli gerður og þá einkum hvað beri að varast í þeim efnum. Hann vill forðast *skrúfuvarf* á faldinum:

Skrúfuvarf og skaut við of,
skrafa eg fólkið leggi af;
dúfu falds við dygða lof,
drafið öngra saurgi traf.¹⁰⁰

Flúraður bragarhátturinn á þátt í því að kvæði Benedikts er nokkuð tor-skilið en vera kann að hann hafi í raun haft svipaðar skoðanir og Guðmundur á földunum og talið að betur færi á að gæta í þeim meiri hófsemi.

Stilling gætni stúlku féll,
stallinn smíða ennis fall,
hilla með við hnakka fell
og hallur út á valla fjall.

Strýtubakka lága eg leit
ljóta mjög við krúnu mót,
en hvítan fald í hófi veit
hljóta skyldi göfug snót.¹⁰¹

⁹⁹ *Íslenzkar æviskrár* I:130–131.

¹⁰⁰ Rask 39:84.

¹⁰¹ Rask 39:85. Í handritinu stendur *lét* í fyrstu línu, hér leiðrétt í *leit.

*Árni E.son* — það kom ekki við hann

Handritið ÍBR 152 8vo er ritað 1735–1736. Það geymir upphaf að skautakvæði sem hefst með orðunum *Margur hefur þorna Þór*. Höfundur er þar sagður Árni Egilsson lögréttumaður.¹⁰² Árni var fæddur 1679 og lést 1754. Hann hefur því verið ungur maður þegar Guðmundur orti SKAUTALJÓÐ, ef til vill um 18 ára. Það er vitanlega mögulegt að unglingur sendi frá sér kvæði en þetta hlýtur þó að vekja nokkrar grunsemdir. Kvæði Árna er varðveitt heilt í yngra handriti, Lbs 1756 4to, og þar er höfundur sagður Árni Eyjólfsson. Nokkrir menn með því nafni finnast í manntalinu 1703 og ekki gott að segja hver þeirra kæmi helst til greina ef nafnið er hér rétt hermt. Að svo stöddu verður því ekki með vissu sagt til um höfundinn.

Innlegg Árna í deiluna er með þeim geðþekkari. Hann gagnrýnir SKAUTALJÓÐ en honum liggur þó ekki vont orð til Guðmundar heldur hælir hann honum sem rímnaskáldi:

Sá kann laga ljóða fans
lundur jötna róga,
rímnaflokka ferna hans
fengið hef eg að spróga.

lundur jötna róga: karlmaður
spróga: skoða

Af riti því eg ráða kann,
rímna þenki smiðinn,
öngvan betur orða en hann
Eikinskjalda griðin.

Eikinskjalda grið: skáldskapur

Síst mér því í sinni býr
soddan þegn að hnjóða
skal síns njóta skjalda Týr
skáldskaparins góða.¹⁰³

skjalda Týr: karlmaður

Árni telur að góðskáldið hefði aldrei átt að semja SKAUTALJÓÐ því að það geri honum ekki neitt að konur taki upp nýja tísku:

Hann með snilli hyggju skýr
hreytir Boðnar flæði,
það fór illa að örva Týr
orti Skautakvæði.

Boðnar flæði: skáldskapur
örva Týr: karlmaður

102 ÍBR 152 8vo:71v.

103 Lbs 1756 4to.



Brynju aldrei þurfti Þór
þykkju ljóð að hefja
hvörninn sem að heila kór
hildur borða vefja.

brynju Þór: karlmaður

hildur borða: kona

Sögurnar mátti setja í ljóð,
Sigtýrs horna iðan,
þó til breyti þorna slóð
það kom ekki við hann.¹⁰⁴

Sigtýrs horna iða: skáldskapur
þorna slóð: kona

Niðurstöður

Skautadeilan er mikil að vöxtum og allmargir sem leggja eitthvað af mörkum til hennar. Hún sýnir að á 17. öld hefur skáldskapur þótt eðlilegt tæki til opinberra skoðanaskipta. Enn fremur er athyglisvert að ýmsir þeirra sem tjá sig í deilunni eru ekki að öðru leyti kunnir fyrir skáldskap en ætla má að getan til að tjá sig í bundnu máli hafi verið nokkuð almenn.

Þegar litið er á helstu umræðuefni skautaskáldanna má sjá að margir ávita Guðmund fyrir niðurlægjandi samlíkingar. Sumir fara þá leið að senda Guðmundi eitthvað niðrandi á móti og af því efni er athyglisverðast þegar Jón á Hjaltabakka sneiðir að Guðmundi fyrir fötlun hans en Guðmundur svarar hraustlega fyrir sig.

Þegar skáldin ræða um klæðaburð kvenna er athyglisvert hversu margir taka í þann streng að konur ráði sjálfar hvernig þær haga höfuðbúnaði sínum og gefa jafnvel í skyn að það sé óviðeigandi að karlmenn skipti sér af því efni. Þessi hugmynd kemur strax fram í svari Brynjólfs Erlingssonar og hjá ýmsum eftir það.

Annað þema sem finna má víða í skautadeilunni er að nauðsynlegt sé að gera greinarmun á konum og setja þær ekki allar undir sama hatt. Þessa áherslu má meðal annars finna hjá Þórði Halldórssyni, Árna Pétursyni og Ólafi Guðmundssyni. Þeir vilja gera greinarmun á dygðugum konum annars vegar og hins vegar þeim sem leggja of mikið upp úr veraldlegu skarti og skortir þar með kristilega hófsemi. Greinilegt er einnig að mismunandi þjóðfélagsstaða kvenna leikur hér hlutverk. Skýrast

104 Lbs 1756 4to.



kemur það fram hjá Ólafi Guðmundssyni og Þórði Þorkelssyni að konur eigi að klæða sig *eftir standi sínu*. Það sem hæfir heldri konu hæfir ekki endilega vinnukonu.

Önnur kristileg hugmynd um veraldlegt skart er að það sé forgengi-legt. Þessi hugsun virðist vaka fyrir Guðmundi Bergþórssyni í svari hans til Brynjólfs Erlingssonar þar sem vísað er í Matteusarguðspjall og enn skýrar kemur hún fram hjá Jóni Einarssyni sem minnir á að eftir dauðann *dormar hold við fúin tröf*. Þótt þessi hugsun um forgengileikann kunni að virðast nóturleg hefur hún þó ekki staðið í vegi fyrir að veraldleg fegurð væri talin hafa sitt gildi. Það kemur einmitt líka fram hjá Jóni Einarssyni að konur *vænkast við / að vefja lín um höfuðið* og að *lögmálið* leyfi þeim það. Jafnframt talar hann um að *mevjarnar séu pílta tál* þegar þær hafa fagran höfuðbúnað en virðist þar ekki fordæma það að karlar hrífist af konum. Þórður Þorkelsson gefur einnig í skyn að karlmenn horfi á og dáist að fögrum kvenbúnaði og telur það greinilega ekki vera vandamál.

Í skautadeilunni virðast allir sammála um að í klæðaburði sé gildi hefðarinnar og sögunnar mikið. Það sem Guðmundur Bergþórsson byrjar sínar ásakanir á er að krókfaldurinn sé *breytni ný* og andstæðingar hans taka sér fyrir hendur að afsanna það. Steinn Jónsson gerir sér sérstaklega far um þetta en einnig Sigurður Pálsson og báðir telja þeir Laxdæla sögu styðja sinn málstað. Öllum í umræðunni virðist þykja það eðlilegt að texti um atburði sem eiga að hafa gerst 700 árum áður sé gildur vitnisburður um eðlilegan klæðaburð í samtímanum. Hér sést hvað fornritin skipa sterkan sess í þjóðarvitund Íslendinga löngu áður en rómantískar hugmyndir 19. aldar koma til skjalanna.¹⁰⁵

Lokaorð

Brynjólfur Erlingsson lýkur skautkvæði sínu á háfleygum nótum, með þessu erindi:

Hrafn og svanur sitt hvor sungu,
svalan lagði í minni,

¹⁰⁵ Áköf umræða um búning kvenna átti sér þó sannarlega stað á 19. öld og tengdist þar einnig áhuga á fornum tímum. Sjá t.d. Elsu Ósk Alfreðsdóttur 2017, Karl Aspelund. 2017 og aðrar greinar í sömu bók.





þar með læt eg tönn fyrir tungu
og tala ei fleira að sinni.¹⁰⁶

Hér hljóta hrafninn og svanurinn að vera Guðmundur og Brynjólfur en svalan er fulltrúi konunnar. Hún tekur ekki til máls en hlustar á karlfuglana og man það sem þeir syngja. Með þeim hætti er skautadeilan — hún fjallar um konur en ekki er kunnugt um að nokkur kona hafi lagt orð í belg. Á þessum tíma er lítið um að konur tjái sig opinberlega eða setji skáldskap undir eigin nafni á blað. Helsta undantekningin er Steinunn Finnsdóttir (f. 1640 eða 1641, d. eftir 1710) sem til eru eftir tveir rímnaflokkar og nokkur kvæði. Í einum af mansöngum SNÆKÓNGS RÍMNA hefur Steinunn sína eigin myndlíkingu um syngjandi fugla.

Hírir rjúpan huld í dún
hver á sínum vegi;
þó svanurinn betur syngi en hún
sér til móðs fær eigi.

Kemur rómlag ekki eitt
upp af fuglum tjáðum;
þenki ég sá, sem þeim hefur veitt,
þiggi jafnt af báðum.¹⁰⁷

Þetta hefur verið skilið svo að rjúpan sé kvenskáldið og að vert sé að hlusta á hana en ekki aðeins á svaninn.¹⁰⁸ Ekki er kunnugt um að Steinunn hafi tjáð sig neitt í skautadeilunni en þó virðist ekki úr vegi að ljúka þessari grein með vísu eftir hana, þessi er úr mansöng fimmtu rímu í HYNÐLU RÍMUM:

Einhvörn veginn flest allt fer, –
frekt ei um það klifa;
vöndust þraut það virðist mér
í veröldu rétt að lifa.¹⁰⁹

Það er vandasamt að lifa rétt enda gerir mannlegt samfélag iðulega margslungnar og jafnvel mótsagnakenndar kröfur til þeirra sem í því hrærast.

106 Rask 39:69.

107 Steinunn Finnsdóttir 1950:96.

108 Hughes 2014:171–172, Bergljót Soffía Kristjánsdóttir 204–205, Guðrún P. Helgadóttir 1963:31.

109 Steinunn Finnsdóttir 1950:46.





Það er sannarlega tilfellið með klæðaburð kvenna sem svona margir reyndust vilja tjá sig um við lok 17. aldar. Skautafaldurinn á að vera í samræmi við hefð, í samræmi við kristilegt siðgæði, hófsamur en samt í samræmi við efni og stöðu, fallegur en ekki drambsamlegur — og einmitt mátulega hár.

HEIMILDIR

Handrit

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

JS 42 4to

JS 582 4to

JS 209 8vo

Lbs 1756 4to

Lbs 1070 8vo

Lbs 2941 8vo

ÍBR 4 8vo

ÍBR 152 8vo

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

AM 738 4to

AM 148 8vo

Árnasafn í Kaupmannahöfn

Rask 39

Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn

Thott 489 8vo

Prentuð rit

Bergljót Kristjánsdóttir. 1996. „Gunnlöð ekki gaf mér neitt / af geymsludrykknum forðum ...“. Um Steinunni Finnsdóttur, Hyndlurímur og Snækóngsrímur. *Guðamjöður og arnarleir. Safn ritgerða um eddulist*, bls. 204–205. Ritstj. Sverrir Tómasson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Björn K. Þórólfsson. 1947. Um Olgeirsrímur. *Olgeirs rímur danska eftir Guðmund Bergþórsson I*. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands: xi–xlvi.

Dansk Editions historie 2. Udgivelse af norrøn og gammeldansk litteratur. 2021. Ritstj. Britta Olrik Frederiksen. Kaupmannahöfn: Museum Tusulanum.

Davíð Ólafsson. 2010. Textinn á tíma fjöldaframleiðslu sinnar. Rannsóknir á handritamenningu síðari alda. *Saga* 48:61–97.

Einar G. Pétursson. 1998. *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða. I*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar Íslandi.

Elsa Ósk Alfreðsdóttur. 2017. „... vjer erum allir meir en vjer vitum leiddir af tilfinningum kvennfólksins“. *Málarinn og menningarsköpun. Sigurður Guðmundsson og*





- Kvöldfélagið 1858–1874*. Ritstj. Karl Aspelund og Terry Gunnell. Bókaútgáfan Opna og Þjóðminjasafn Íslands: 297–336.
- Finnur Sigmundsson. 1966. *Rímnatal* I–II. Rímnafélagið, Reykjavík.
- Finnur Sigmundsson. 1947. „Um Guðmund Bergþórsson“. *Olgeirs rímur danska eftir Guðmund Bergþórsson* I. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands: xi–xxiii.
- Frank, Roberta. 1985. „Skaldic Poetry.“ *Old Norse-Icelandic Literature: A Critical Guide*, Ritstj. Carol J. Clover og John Lindow. Ithaca: Cornell University Press: 157–196.
- Fróðlegt ljóðasafn ýmislegs efnis* 1856. Akureyri: Grímur Laxdal.
- Guðbrandsbiblía = *Biblia*. Það Er Öll Heilög Ritning vtlögd a Norrænu. 1584. Hólar.
- Guðmundur Bergþórsson. 1785. *Agiætur Kvedlingur sem nefnest Heimspekinga-Skoole*. Hrappsey.
- Guðmundur Bergþórsson. 1905. *Heimspekingaskóli og Fuglaskvæði*. Reykjavík: Benedikt Ásgrímsson.
- Guðmundur Bergþórsson. 1947. *Olgeirs rímur danska* I–II. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands.
- Guðrún P. Helgadóttir. 1963. *Skáldkonur fyrri alda* 2. Akureyri: Kvöldvökuútgáfan.
- Haukur Þorgeirsson. 2011. „Þórljóð og Háu-Þóruleikur“. *Gripla* 22: 211–227.
- Haukur Þorgeirsson og Teresa Dröfn Njarðvík. 2017. „The Last Eddas on Vellum.“ 2017. *Scripta Islandica* 68: 153–188.
- Heizmann, Wilhelm. 2000. „Kannte der Verfasser der Laxdæla saga Gregors des Grossen Moralia in Iob?“ *Opuscula* 10: 194–207.
- Hufnagel, Silvia. 2021. „Title Pages in Sixteenth- and Seventeenth- Century Icelandic Manuscripts: The Development and Functions of Print Features in Manuscript Form“. *Manuscript Studies: A Journal of the Schoenberg Institute for Manuscript Studies* 6(2): 300–337.
- Hughes, Shaun F. D. 2014. „Steinunn Finnsdóttir and *Snækóns Rímur*.“ *Eddic, Skaldic, and Beyond*. Ritstj. Martin Chase. New York: Fordham University Press: 162–189.
- Íslendinga sögur*. 1985. Fyrra bindi. Ritstjórar: Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Bragi Halldórsson og Jón Torfason bjuggu til prentunar. Reykjavík: Svart á hvítu.
- Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. 1955. III. bindi. Safnað hefur Jón Árnason. Reykjavík: Þjóðsaga.
- Íslenzkar æviskrár* = Páll Eggert Ólason. 1948–1952.
- Jón Samsonarson. 1964. *Kvæði og dansleikir* I. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Karl Aspelund. 2017. „Skáldskapur þjóðanna“. *Málarinn og menningarsköpun. Sigurður Guðmundsson og Kvöldfélagið 1858–1874*. Ritstj. Karl Aspelund og Terry Gunnell. Bókaútgáfan Opna og Þjóðminjasafn Íslands: 93–136.
- Margrét Eggertsdóttir. 2005. *Barokkmeistarinn. List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.
- Margrét Eggertsdóttir. 2017. „Script and print in seventeenth- and eighteenth-century Iceland. The case of *Hólar í Hjaltadal*.“ *Mirrors of Virtue. Manuscript and print in late pre-modern Iceland*. Ritstj. Margrét Eggertsdóttir og Matthew James Driscoll. Kaupmannahöfn: Museum Tusulanum Press: 127–168.
- Páll Eggert Ólason. 1915. „Fólginn nöfn í rímum.“ *Skírnir* 89: 118–132.





- Páll Eggert Ólason. 1926. *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi*. IV. bindi. Rit-höfundar. Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar.
- Páll Eggert Ólason. 1944. *Saga Íslendinga IV*. Reykjavík: Menntamálaráð og Þjóðvinafélag.
- Páll Eggert Ólason. 1948–1952. *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*. Bindir I–V. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Saga þess haloflega herra k. Olafs Tryggvasonar. Seirne partur*. 1690. Skálholt: Jón Snorrason.
- Sigrún Helgadóttir. 2013. *Faldar og skart. Faldbúningurinn og aðrir íslenskir þjóðbúningar*. Reykjavík: Bókauktgáfan Opna og Heimilisiðnaðarfélag Íslands.
- Sigurður Guðmundsson. 1874. *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík*. II. 1867–1870. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.
- Snorri Sturluson. 2002. *Ritsafn*. 1. bindi. Snorra-Edda. Egils saga. Ritstj. Helgi Bernódu-son, Jónas Kristjánsson og Örnólfur Thorsson. Texti Snorra-Eddu byggður á útgáfu Heimis Pálssonar 1984. Reykjavík: Mál og menning.
- Steinunn Finnadóttir. 1950. *Hyndlu rímur og Snækóns rímur*. Reykjavík: Rímnafélagið.
- Sverdlöv, Ilya V. og Sofie Vanherpen. 2017. *Forgotten Laxdæla poetry: a study and an edition of Tyrfingur Finnsson's Vísur uppá Laxdæla sögu*. *RMN* 12–13: 70–99.
- Vanherpen, Sofie. 2020. "Íslands kvennalof ('In Praise of Icelandic Women'): Cultural memories of Auðr djúpauðga in praise poetry of the Icelandic Enlightenment." *Viking Encounters. Proceedings of the Eighteenth Viking Congress, Denmark, August 6–12, 2017*. Aarhus: Aarhus University Press: 605–620.
- Þorvaldur Thoroddsen. 1898. *Landfræðissaga Íslands*. Hugmyndir manna um Ísland, náttúruskoðun og rannsóknir, fyrr og síðar. II. Hið íslenska bókmenntafélag.
- Þórunn Sigurðardóttir. 2012. „Dyggðaspegill handa hefðarjómfrúm.“ *Geislabaugur fægður Margaret Cormack sextugri 23. ágúst 2012*. Reykjavík: 92–95.
- Þórunn Sigurðardóttir. 2014. „Skáldskaparfræði frá 17. öld.“ *Són* 12: 151–159.
- Þórunn Sigurðardóttir. 2015. *Heiður og huggun*. Erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Þórunn Sigurðardóttir. 2017. „Constructing cultural competence in seventeenth-century Iceland. The case of poetical miscellanies.“ *Mirrors of Virtue*. Ritstj. Margrét Eggerts-dóttir og Matthew James Driscoll. Kaupmannahöfn: Museum Tusulanum Press: 277–320.
- Þórunn Valdimarsdóttir. 1986. „Dyggðaspegill.“ *Sagnir* 7: 43–50.





ENGLISH SUMMARY

THE DEBATE ON THE LINEN HOOD
The SKAUTALJÓÐ of Guðmundur Bergþórsson

Keywords: Guðmundur Bergþórsson, 17th century poetry, women's fashion, debate poetry.

Guðmundur Bergþórsson (1657–1705) was one of the most productive and popular Icelandic poets of his time. One of his poems, however, became the source of great controversy — the SKAUTALJÓÐ or the Hood Poem. Composed in 1697 or a little earlier, SKAUTALJÓÐ is a humorous attack on contemporary women's fashion, namely on the practice of wearing a very tall linen hood which is thin at the top and sloping forwards. Guðmundur compares this piece of clothing with the horn of a unicorn, the snout of a dog, the tail of a cat, the supernatural bull tail of Eyrbyggja saga, a protrusion from the head of the god Þór and the great hood of the ogress Háa-Þóra.

Many took offense at Guðmundur's similes and at least 13 men responded with poems of their own intended to refute the charges and defend the honor of hood-wearing women. In several cases, Guðmundur fired back with new poems of his own and the end result is a substantial and lively debate in verse on various aspects of women's headgear.

The responses to SKAUTALJÓÐ have some recurring themes. Several poets point out that while scripture tells women to cover their hair the text does not specify the type or size of headgear and, accordingly, this can be left to the preferences of each woman. Another common response to Guðmundur is that his attack is too broad and fails to make relevant distinctions between women. While some women may dress above their station or have a sinful obsession with beautiful clothes, there are also virtuous women who dress appropriately according to their means and class.

At the beginning of SKAUTALJÓÐ the tall hood is called *breytni ný* (“a new fashion”), something to be suspicious of in a tradition-bound society. Some of Guðmundur's interlocutors attempt to prove him wrong and insist that the tall hood is actually a traditional garment. They cite Laxdæla saga which at one point describes Guðrún Ósvífursdóttir as wearing a *krókfaldur* (“hooked hood”), taken to be the very type of headdress which Guðmundur is attacking.

Some of the responses to Guðmundur contain personal attacks. Due to a childhood illness, Guðmundur had no use of his legs or his right hand and one line of attack against him was to call him a beggar. Guðmundur was not shy about replying in turn with refutations and biting comments. Being a better poet than any of his challengers, he tended to carry the day in these exchanges. The debate itself later entered folklore in which Guðmundur is able to work magical attacks on his opponents with his powerful poetry.



*Skautasermon Þórðar Þorkelssonar*

Kvæði þetta er eitt af andsvörunum við SKAUTALJÓÐUM sem fjallað er um hér fyrir framan. Höfundur er Þórður Þorkelsson Vídalín (1661–1742). Kvæðið hefur ekki verið prentað áður. Það er varðveitt í handritinu JS 209 8vo og textinn er tekinn eftir því.

1. Mörg hafa skáldin menntaslyng
myndað liðug kvæði,
fróðleg dæma fundering
fram svo liðugt næði.
2. Létu eftir liggja þeir
ljóðin víða hrönnum,
hýra fyrir hringa Eir
helltu Týrs af könnum. hringa Eir: kona
Týrs könnur: skáldskapur
3. Þeirra mennta þeim eg ann
þökk sé alla daga
sem þá léna visku¹¹⁰ vann
vel sem hvörjum hagar.
4. Hvör einn maður hyggju mennt
hefur af drottni þegið
því sjálfs er lánið sama klént
sé það í metum vegið.
5. Soddan gáfa sóma fríð
af sérhvörjum á að brúkast
svo gjafaranum þökkinn þýð
þar fyrir megi lúkast.
6. Virðum þeim það veitt er pund
varist djúpt að grafa,
nokkuð heldur náms af grund
nytsamlegt að skrafa. grund náms: kona

110 visku: Í handritinu virðist standa *visku* en ekki veit ég hvað það mundi vera.





7. Skáldin núna skýr og fróð
skemmtun brugga dýra,
skenkja vífum Skautaljóð
skylt er þaug að hýra.
8. Eru þaug komin allra fyrst
upp í vestursveitum
og svo þaðan út borist
uns að norðurreitum.
9. Ferðugur við stefa stjá
stökum saman að ryðja,
gjörð á Stapa og gengin frá
Gvendi Bergþórs niðja.
10. Von er til hans vífin rjóð
vingan beri skakka,
fyrir þau rímin falda ljóð
fæstar honum þakka.
11. Fyrst hann hefur forljótt sagt
um faldinn mætra drósa
aðra finni upp á dragt
af sem megi hrósa.
12. Hann hefði átt í Skautaskrá
skorðum gulls að kenna
hvörninn hann vildi hafa þá
höfuðbúning kvenna.
skorður gulls: konur
13. Þó að gæti því um breytt
þjassa raddar grundin
hefði vorðið hér að greitt
hæðnis glósa fundin.
þjassa raddar grund: kona
14. Liðugt skaut um lokka rann
líst mér allvel haga,
borið hafa búning þann
brúðir forðum daga.
lokka rann: höfuð



15. Muna það sanna máltak hér
menn og hringa slóðir
að landsins haldin æra er
art og siðir góðir. hringa slóð: kona
16. Brák er til að breyta því
sem bæði vel og lengi
lifað hefur landi í,
leyfast ef það fengi.
17. Mín skal þangað orða ör
aftur núna víkja
þá salinn heila vegleg Vör
vefur, góins síkja. salur heila: höfuð
Vör góins síkja: kona
18. Misjafnt faldinn mynda þó
menja hrundir þýðar,
önnur hærra hann til bjó,
hin hann lægra smíðar. menja hrund: kona
19. Hljótt þá spyr að hringa laut,
hin á því að svara,
þegar um höfuð herða skaut,
„Hvörninn list þér fara?“ hringa laut: kona
20. Aftur greiðir svörin sett
svanninn hinn til vilja:
„Bæði er skautið bjart og slétt,
brák er þess að dylja.“
21. Hlíðum báðum hauka með
hjarna dregil mæla,
með þrettán prjónum, það hef eg séð,
þær svo brotið næla. hlíðar hauka: hendur
hjarni: höfuð
22. Eftir því sem þéna þörf
það með klútum troða,
sem að úti eru soddan störf
sig í speglum skoða.





23. Dregill lokka drósum á
dável þykir glansa
þegar ekki þegnar sjá
þeim á nokkurn vansa.
24. Veiga bríkum vissi eg ei
vera settur texti
hvörninn vilja í hyggju þey
haga falda vexti. veiga bríkur: konur
25. Væri grundum voga skars
vond að glósa köstuð,
skyldug eru skáldin svars
skaut ef eru löstuð. grundir voga skars: konur
26. Ef hæfilega um heila múr
hegða lokka tjöldum
mega ei fyrir það menja brúr
mæta orðum köldum. heila múr: höfuð
menja brú: kona
27. Vissulega veit eg það
vefjur Kraka sáða
dável munu dubba að
dreglum hjarna láða. vefjur Kraka sáða: konur
hjarna láð: höfuð
28. Brúna steinum bifa til
Biflings stakka Þundar
dragt og skaut þá dúka Bil
drjúgum margur grundar. brúna steinar: augu
Biflings stakka Þundar: karlmenn
dúka Bil: kona
29. Læt eg tefja líns hjá hlíð
lunda góins fanna
að skoða hvörninn skartar þýð
sköpun frúr faldanna. hlíð líns: kona
lundar góins fanna: karlmenn
30. Vil eg kjósa af veiga Hlökk
varla til þó inni
geðfelld laun og góða þökk,
gjálfrið mærdar linni. veiga Hlökk: kona
gjálfur mærdar: skáldskapur





31. Hrugnir, ós og höstug för,
hel með skýja gráti
mæddur jór en mönduls knör mönduls knör: skáldskapur
miðaði að þagnar sátri.¹¹¹

111 Í þessari vísu bindur skáldið nafn sitt með rúnum eins og algengt var (Páll Eggert Ólason 1915). Nefnd eru nöfn rúnanna eða vísað til þeirra með einhverjum hætti. Hrugnir er heiti á þursi og þ-rúnin heitir *þurs*. Ós er heiti o-rúnarinnar. R-rúnin kallast *reið* og „höstug för“ og „mæddur jór“ vísa til þess heitis. U-rúnin nefnist *úr* en það orð merkir regn og orðin „skýja grátur“ vísa til þess. Til að fá út ÞORDUR ætti „hel“ að standa fyrir d-rúnina sem nefnist *stunginn týr* en ekki er augljóst hvernig eigi að koma því heim og saman.

